

## 42. fundur

Fræðslunefnd hélt fund miðvikudaginn 6. nóvember 2002 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og bauð Hildigunni Jóhannesdóttur, fulltrúa foreldrafélags leikskóla og Unni Breiðfjörð fulltrúa foreldrafélags grunnskóla velkomnar til starfa og gengið var til dagskrár.

### 1. Skýrslur skólastjóra.

- a) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.  
Lagði hann fram skipurit nefnda í skólanum.  
Haustannarprófum er lokið, miðönn hefst 19. nóvember. Farið verður yfir 3 anna kerfið á næstu vikum og breytingar gerðar ef tilefni gefast til. Foreldraviðtöl verða að haustönn lokinni.  
Íþróttadagur 5.-7. bekkjar 15. október sl. gekk vel. Brunaæfing í lok október fór einnig vel fram og er það orðinn fastur liður að hausti.  
Samstarfsdagur skólanna á Nesinu var 25.10. sl. á Hellissandi, dagskrá var góð og á eftir að nýtast í skólastarfinu.  
Hafinn er undirbúningur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2003.
- b) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.  
Á fundi foreldrafélagsins 17. október sl. var ný stjórn kosin. Einnig kom Sigþrúður Guðmundsdóttir frá FSS á fundinn og kynnti starfsemi Félags- og skólaþjónustunnar.  
Starfsdagur var 25.10. sl. og fór starfsfólk leikskólans í vettvangsferð á Akranes og í Borgarnes.  
Vetrarstarfið er komið á fullan skrið og hafa börnin farið í vettvangsferðir tengdar því sem þau eru að vinna við.  
Þá sagði Sigrún frá fréttabréfi leikskólans í haust sem er að finna á heimasíðu bæjarins, ásamt fréttum úr starfsemiinni.  
Jólaundirbúningur er hafinn.  
Einnig hafinn undirbúningur að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

### 2. Ábending um fjölda starfsfólks í leikskóla.

- a) Björn lagði fram drög að svari til viðkomandi. Lagði hann einnig fram drög að almennri fréttatilkynningu í Stykkishólmspóstinn.  
Fræðslunefnd samþykkir bæði atriðin.
- b) Björn lagði fram athugasemd frá foreldri varðandi stuttan fyrirvara á próftöflu f. 10. bekk. Greindi hann einnig frá því að prófdagar koma fram á skóladagatali sem nemendur fá afhent í upphafi skólaárs.  
Gunnar þakkaði ábendinguna og sagði að farið verði yfir málin nú í annarlok.  
Komu þeir einnig inn á það að skólaskipið Dröfn kom á óheppilegum tíma hingað nú í prófavíkunni, en reynt verður að hafa tímasetningu betur næst.

c) Næsti fundur ákveðinn 4. desember nk.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:55.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).

Björn Sverrisson (sign.),

Egill V. Benediktsson (sign.),

Gunnar Svanlaugsson (sign.),

Ingveldur Eyþórsdóttir (sign.),

Erna Guðmundsdóttir (sign.),

Katrín Pálsdóttir (sign.),

Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),

Ásta Valdís Guðmundsdóttir (sign.),

Hildigunnur Jóhannesdóttir (sign.),

Unnur Breiðfjörð (sign.),

Linda S. Sigurðardóttir (sign.),

Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.),